

Nd.

140. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast eftirtaldir menn:

1. Augustsson, Bjarne August, fæddur í Noregi.
2. Sörensen, Reidar, fæddur í Noregi.
3. Keil, Max Robert Heinrich, fæddur í Þýzkalandi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir, áður en ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Greinargerð.

Dómsmálaráðuneytið hefir sent nefndinni umsóknir framangreindra manna um ríkisborgararétt. Um einstaka umsækjendur skal þetta tekið fram:

1. Bjarne August Augustsson er fæddur í Mehle í Noregi 21. maí 1912. Fluttist til Íslands í aprilmánuði 1930 og hefir dvalið hér síðan, að undantekinni 3 vikna ferð til Englands. Talar og skilur íslenska tungu. Er ókvæntur.
2. Reidar Sörensen er fæddur 20. október 1897 í Stött, Nordre Helgeland, Noregi. Fluttist til Íslands 9. september 1923 og hefir dvalið hér síðan. Ókvæntur.
3. Max Robert Heinrich Keil er fæddur í Luckau N.-L. í Þýzkalandi 14. jan. 1908. Fluttist til Íslands 29. sept. 1930 og hefir dvalið hér síðan, að undanteknum 2 sumarferðalögum til Þýzkalands. Ókvæntur, en trúlofaður íslenskri stúlku.